



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

47. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn á skrifstofu skólameistara 17. mars 1980. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Eggert Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Hreinn Ásgrímsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari. Forföll boðuðu Ómar Bjarnþórsson og Jens Sævar Guðbergsson.

1. Tilfni fundarins var að ræða kaup á húseign fyrir starfsemi verknámsdeilda skólans.

Skólameistari skýrði frá því að undanfarið hafi farið fram viðræður við Einar Gunnarsson, iðnrekanda, um kaup á iðnaðarhúsi hans að Iðavöllum 1, Keflavík. Húsið er rúmir 700 ferm. að flatarmáli og á flestan hátt hentugt fyrir þá starfsemi sem hugsuð er þar í þágu skólans, þ.e. til verknámskennslu í málmiðnum, trésmíði og hársnyrtingu. Fyrir vélstjórnarbraut mundi þó vanta framtíðarhúsrými, en stór lóð fylgir húsinu og því auðvelt að reisa vélahús þar á lóðinni.

Ingvar Jóhannsson, skólanefndarmaður og forstjóri Járn- og pípulagningaverktaka á Keflavíkurflugvelli tjáði sig og fyrirtæki sitt reiðubúið til þess að fjármagna kaup á verkstæðishúsinu.

Nefndarmenn skoðuðu teikningu af húsinu, gengu síðan á vettvang að skoða það. Leist öllum vel á og voru sammála um kaupin ef saman gengi um verð. Öðrum fjarstadda nefndarmanninum (Jens Sævari) hafði verið gerð grein fyrir efni fundarins.

Skólameistari og formaður skólanefndar hafa átt fund með Indriða Þorlákssyni, deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og tók hann máli þessu mjög vel.

Samþykkt var að kjósa samninganefnd í mál þetta. Þessir voru kosnir: Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson og Jón Hólmgeirsson, og þeim til aðstoðar Jón Böðvarsson, skólameistari. Þá var og talið sjálf-sagt að fá í nefndina deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðu-neytisins, Indriða Þorláksson, en ríkissjóður tekur þátt í stofn-kostnaði öllum að 60 hundraðshlutum.

Takist þessar ráðagerðir allar, lýstu nefndarmenn yfir að mjög mikil-vægum áfanga í þróun Fjölbrautaskólans væri náð.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson, ritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Keflavík, 26. mars 1980

Samkvæmt áætlun vegna stofnframkvæmda við F.S. sem gerð var vorið 1979 og send var fjárlaga- og hagsýslustofnun í sambandi við fjárlagagerð 1980, ~~og~~ voru áætlanir skólans þessar:

Innréttingar	25.000.000	
Eðlis- og efnafræðistofa	10.000.000	
Innréttingar í bókasafn	4.000.000	Lokið 1979, ógreitt
Tækjakaup (stofnbúnaður)	20.000.000	1) 9.000.000
Frágangur lóðar	25.000.000	1) Fellt niður
Listskreyting	4.000.000	1) Fellt niður
Kaup á verkstæðishúsi	50.000.000	1) Fellt niður
	<u>138.000.000</u>	

1. Breytingar hagsýslustofnunar.

Fært til verðlags í dag má reikna með að: Innréttingar (málning innanhúss, breytingar vegna mótuneytis nemenda, vegna skrifstofu, vegna fjölritunar og bókasafns)

verði	40.000.000
Eðlis- og efnafræðistofa	15.000.000
Tækjakaup	9.000.000
Bókasafn	<u>4.000.000</u>
	<u>68.000.000</u>

Kaup á vélum og áhöldum vegna

kennslu á tréiðnabr. (skv. lista) 15.000.000

Sprunguviðgerðir og

málning utanhúss 5.000.000

Lagfæring lóðar 4.000.000

24.000.000

Heildarkostnaður vegna stofnbúnaðar árið 1980 yrði því 68.000.000

+ 24.000.000

92.000.000

þar af á fjárlögum 1980

- 65.000.000

Mismunur

27.000.000

sem yrði hlutur sveitarfélaga á Suðurnesjum og skiptist þannig samkvæmt samningi:

Gerðar	1.889.460
Grindavík	3.843.450
Hafnir	271.080
Keflavík	13.659.030
Njarðvík	3.959.820
Sandgerði	2.290.950
Vogar	<u>1.086.210</u>
	<u>27.000.000</u>

Við vonum að sveitarfélögin sjái sér fært að vera við þessum óskum um leið og við biðjum afsökunar á því hve seint þetta kemur í ykkar hendur. Vísað til bréfs um það, dag. 12.2.80.

Breyting á hlut sveitarfélaga er einkum vegna trésmíðadeildarinnar. Hún hefur verið í leiguhúsnæði og vélar allar leigðar, en nú er stefnt að því að kaupa hús vegna verknámskennslunnar og verður því að kaupa þessi kennslutæki á tréiðnabraut (sbr. 47. fundargerð).

Ingólfur Halldórsson

Ingólfur Halldórsson
aðstoðarskólameistari

Valtýr Guðjónsson

Valtýr Guðjónsson
skrifstofustjóri